

**Fundargerð**  
**366. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 20. mars 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Fjarverandi:  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
  2. Fundargerð síðasta fundar
  3. Þátttaka í Verkið, 14. – 16. mars, yfirferð
  4. Kjaramál, kjaraviðræður
    - Grasrótarfundir
    - Áherslur
  5. Reiknivél launa, tilboð
  6. 1. maí undirbúningur
  7. EPN í Osló, 2. og 3. maí
  8. Félagsstjórnarfundur og Fulltrúaðing SLFÍ 6. og 7. maí, undirbúningur, skýrslugerð og drög að dagskrá
  9. Launaskriðstrygging
    - Kæra ríkislögmans á niðurstöðu Félagsdóms til Hæstaréttar
    - Afgreiðsla Hagstofunnar á beiðni SLFÍ um launaskriðsgögn
  10. Ímynd sjúkraliða, kynningamyndbönd, samvinna við LSH
  11. Félagsaðild/réttindi, greiðslur til SLFÍ falla tímabundið niður í 6 mánuði vegna veikinda. Stopul aðild, hvaða þá?
- Önnur mál

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

### **3. Þátttaka í Verkið 14. – 16. mars í Laugardalshöll, yfirferð**

SBF og Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar SLFÍ fóru yfir að kynningin á sjúkraliðanáminu hafi gengið mjög vel. Fólk/nemendur hafi stoppað mjög mikið við bás félagsins þ.s. mæld voru lífsmörk og úthlutað kynningarefni varðandi námið. Mikil ánægja var með þessa daga þó ekki hafið náðst að keppa í sjúkraliðun að þessu sinni. BÓ nefndi að Jakobína Rut Daníelsdóttir hafi haldið utan um framkvæmdina með mikilli þryði og aðrir þeir sem komu að kynningunni hafi staðið sig mjög vel.

### **4. Kjaramál, kjaraviðræður**

- SBF og GÖG fóru yfir hvernig „Grasrótarfundirnir“ hafi gengið hingað til. Fram kom að í flestum tilvikum er góð mæting og góðar umræður um helstu áherslur og væntingar í komandi kjaraviðræðum. Lögð er fyrir alla könnun með fimm spurningum þ.s. spurt er út í helstu áherslur og verða svörin síðan tekin saman í heild sinni til að átta sig á heildarmyndinni. Á þessum fundunum hefur einnig komið fram hvernig sjúkraliðum líður á hverjum vinnustað fyrir sig og hefur það verið mjög misjafnt og í sumum tilvikum það alvarleg staða að vinna þarf áfram með málið og hafa samband við stjórnendur.
- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem hafa verið á vegum samninganefndar BSRB með viðsemjendum, en þar á hún sæti í nefnd sem semja á um sameiginleg áherslumál bandalagsfélaga.
- SBF gerði einnig grein fyrir þeim fundum sem fram hafa farið með samninganefnd Reykjavíkurborgar og kjaramálanefnd SLFÍ og að búið væri að ganga frá viðræðuáætlun við ríkið og boða til fyrsta fundar með ríkinu.

### **5. Reiknivél launa, tilboð**

SBF gerði grein fyrir að fyrir lægi tilboð frá fagaðila í að útbúa fyrir okkur reiknivél launa, þ.s. hægt væri að slá inn helstu upplýsingar og fá út launagreiðsluupplýsingar. Málið rætt og ákveðið að vera ekki með að svo stöddu.

### **6. 1. maí undirbúningur**

Farið var yfir að nefndin sem skipuleggur og undirbýr að baráttudagurinn sé klár og mun vera með allt allt til reiðu fyrir þennan dag. JJS, Ingibjörg og GÖG munu fara yfir stöðu fánamála og hafa þau mál klár.

### **7. EPN í Osló, 2. og 3. maí, undirbúningur og skýrslugerð**

SBF fór yfir að skila þurfi skýrslu um stöðu þjóðfélags- og kjaramála fyrir fundinn. Einnig stendur til á þessum fundi að fara yfir menntamál sjúkraliða á Íslandi, þ.e. grunnnámið, væntanlegt fagháskólanám og fyrirhugað samstarf vinnuveitanda og félagsins til að mennta ófaglærða í gegnum „Sjúkraliðabruarnámið“.

### **8. Félagsstjórnarfundur og fulltrúaping, 6. og 7. maí, undirbúningur og skýrslugerð**

SBF gerði grein fyrir að í aðdraganda og undirbúningi að komandi Fulltrúapingi þá hefði hún áhuga á að breyta ákveðnum áherslum varðandi ársskýrsluna og hafa þar inni m.a. lýsandi gögn varðandi ýmis mál sem skipta félagið og félagsmenn máli. Að öðru leyti yrði um hefðbundin undirbúning að ræða og nauðsynlegt í öllu amstrinu að huga að þessum undirbúningi með góðum fyrirvara. Rætt var um að fá erindi frá Önnu Steinsen um samskipti og hefja þingið á því.

## 9. Launaskriðstryggingin

Farið var yfir að Félagsdómur hafi hafnað kröfu ríkislögmans um að launaskriðsmálið ætti ekki heima fyrir félagsdómi á þeirri forsendu að ekki væri um kjaratengd málefni að ræða. Ríkislögmaður kærði þann úrskurð til Hæstaréttar og niðurstaða þeirrar kæru hefur ekki verið tekin fyrir.

Gunnari Gunnarssyni (GG) hagfræðingi var falið í tengslum við þetta mál að afla upplýsinga um kjarapróun opinberra starfsmanna og hann fór fram á að Hagstofan láti Sjúkraliðafélag Íslands hafa upplýsingar um hver launapróun sjúkraliða var á seinni tveimur viðmiðunartímabilunum og að Hagstofan láti Sjúkraliðafélag Íslands einnig hafa upplýsingar um hver launapróun annarra aðildarfélaga innan BSRB var á seinni tveimur viðmiðunartímabilunum. Tímabilin eru nóvember 2017 til nóvember 2018 og síðan frá nóvember 2018 fram til loka samningstímabils. Hagstofna hefur svarað og telur að þeir geti ekki unnið þessi gögn nema ef sú beiðni komi frá svokallaðri ráðgjafanefnd sem sett hafi verið á laggirnar í tengslum við SALEK samkomulagið. Nú liggur það fyrir að meðaltalssamanburðurinn á launapróun á almenna markaðinum og þeim opinbera skilar opinberum starfsmönnum ekki launhækkun á grundvelli slíks samanburðar á tímabilinu nóvember 2017 til nóvember 2018.

Áfram verður unnið í málin þ.s. þessir útreikningar geta verið mjög mikilvæg gögn í þeim málaferlum sem í gangi eru.

## 10. Ímynd sjúkraliða, kynningarmyndbönd, samvinna við LSH

Farið var yfir að kynningarmyndböndin hafi fengið góða dreifingu og góðar viðtökur, voru m.a. keyrð alla dagana á Verkiðnardögunum og einnig væri verið að taka myndir að sjúkraliðum við störf sín, sem kæmi inn í kynningastarfið.

SBF fór einnig yfir að í undirbúningi og vinnslu væri samstarf við LSH um að liðka til fyrir ófaglærða á LSH að fara í sjúkraliðanámið/brúnna. Fundur hefur farið fram með fulltrúum LSH, FB- skólanna á Reykjavíkursvæðinu og félagsins þ.s. helstu áhersluatriði voru rædd og fulltrúar LSH fóru yfir hvað þeir gætu gert til að ýta undir möguleika til þess hæfra starfsmanna að fara í námið. Fram kom að fækkun hafi verið á sjúkraliðum á LSH á milli árána 2017 – 2018 sem nemur 30 stöðugildum eða um 7%. Einnig var farið yfir að grunnskólakynning hafi verið á LSH þ.s. hin ýmsu störf innan spítalans voru kynnt og þar á meðal sjúkraliðastarfið.

## 11. Félagsaðild/réttindi þegar greiðslur falla niður tímabundið í 6 mán. vegna veikinda. Stopul aðild, hvernig á að bregðast við

SBF kynnti málið og var það rætt. Fram kom að í þeim tilvikum að sjúkraliðar greiða ekki í sjóðina vegna óviðráðanlegra ástæðna eigi strax aðild þegar greiðslur koma inn aftur.

## Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.40